

Garðabær 30.sept 2019


Berist til: Bæjarstjórnar Garðabæjar**Erindi:** Beiðni fyrir leyfum á framkvæmdum á Stjörnutorgi.

Í erindi þessu óska ég fyrir hönd UMF Stjörnunnar, eftir að breytingar verði gerðar á Stjörnutorgi (torginu fyrir framan Samsungvöllinn og félagsheimili Stjörnunnar). Breytingarnar felast í því að setja torgið í anda „streetfood“ markaða líkt og eru að verða vinsælir samkomustaðir um allan heim. Hugmyndin hefur verið kynnt Björg Fenger, formanni ÍTG, Kára Jónssyni, íþróttafulltrúa og Eiríki B. Björgvinssyni, forstöðumanni fræðslumála en þau tóku vel í hugmyndina. Með þessu gæfist tækifæri á að auðga ennfremur bæjarlífið og vettvangur komin þar sem Stjarnan gæti staðið fyrir ýmsum tækifærisviðburðum sem allir bæjarbúar gætu notið. Ennfremur væri hægt að vera með sölu á varningi félagsins og hollum mat t.d skyrbar alla daga sem myndi nýtast iðkendum og öðrum gestum Ásgarðssvæðisins vel.

Áætlaður kostnaður við framkvæmdina er á bilinu 15-20 milljónir, en Stjarnan hefur einnig áhuga á að fá styrktaraðila í lið mér sér við framkvæmdina.

Með von um góðar undirtektir

Fyrir hönd UMF Stjörnunnar



Ása Inga Þorsteinsdóttir

Framkvæmdastjóri UMF Stjarnan

stjarnan@stjarnan.is
bokhald@stjarnan.is

+354 565 1940

Stjörnuheimilinu v/ Ásgarð
210 Garðabær, Ísland